

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 354. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 3. febrúar 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 329. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 27. janúar 2022.
- 2) Fundargerð 157. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. janúar 2022.
- 3) Fundargerðir fræðslunefndar, dags. 15. desember 2021 og 24. janúar 2022.
- 4) Fundargerð 173. fundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 17. janúar 2022.
- 5) Fundargerð 198. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 14. desember 2021.
- 6) Fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. janúar 2022.
- 7) Fyrirspurn til bæjarfulltrúa, ódags., frá Jennýju Guðmundsdóttur.
- 8) Afsláttur gatnagerðargjalda
- 9) Bréf frá Umboðsmanni barna, dag.s 28. janúar 2022, varðandi mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og rétt barna til þátttöku og áhrifa.
- 10) Kjörskrá Snæfellsbæjar vegna sameiningarkosninga Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar þann 19. febrúar n.k.
- 11) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 1. febrúar 2022  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

**329. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 27. janúar 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.****Mættir:**

Júniana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) Bréf frá Summit Adventure Guides, dags. 19. janúar 2022, varðandi leigu á Gufuskálum. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að ganga til samninga á þeim nótum sem um var rætt á fundinum.
- 2) Bréf frá Mannviti hf., dags. 14. janúar 2022, varðandi sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033. Bæjarráð staðfesti fyrir sitt leyti sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.
- 3) Umsókn Lísu Daggar Davíðsdóttur, dags. 24. janúar 2022, um að fá að halda hundinn Bola. Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 4) Umsókn Marinu G. Sigurjónsson, dags. 28. desember 2021, um að fá að halda hundinn Nóru. Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) Bréf frá Íþróttta- og æskulýðsfulltrúa, dags. 11. janúar 2022, varðandi uppsögn á starfi. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að auglýsa starfið.
- 6) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 5. janúar 2022, varðandi aukið stöðugildi á Kríubóli. Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða.
- 7) Bréf frá bæjarritara, dags. 19. janúar 2022, varðandi aukafjárveitingu vegna barnaverndarmáls. Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitinguna og mun upphæðin fara af lið 27-10, Ófyrirséð.
- 8) Bréf frá slökkviliðsstjóra, dags. 25. janúar 2022, varðandi vinnu við brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar. Bæjarráð samþykkti erindið, en leggur áherslu á að vinnu við brunavarnaráætlun ljúki sem fyrst og hún verði tilbúin til umfjöllunar í bæjarstjórn á fundi í mars. Bæjarráð vill taka það fram að þegar farið er í vinnu sem þessa, er nauðsynlegt að leggja fyrirhugaðan kostnað annað hvort fyrir fjárhagsáætlunargerð, eða ræða hana við bæjarstjóra eða bæjarritara áður en farið er í að framkvæma þá vinnu. Forstöðumenn stofnana mega ekki skuldbinda sveitarfélagið umfram fjárhagsáætlun, og því er nauðsynlegt að óska eftir aukafjárveitingu til bæjarráðs áður en farið er í fjárfreka vinnu eða framkvæmd.
- 9) Minnispunktar bæjarstjóra.
  - a) Bæjarstjóri fór yfir starfsemi brettagarðsins í íþróttahúsinu á Hellissandi.
  - b) Bæjarstjóri fór yfir styrkjamál, en erindi frá Mfl. Reynis, sem vísað var til fjárhagsáætlunar 2022, gleymdist í fjárhagsáætlunarfjöllum í haust. Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita styrk til Mfl. Reynis í knattspyrnu upp á kr. 1.500.000.-
  - c) Farið yfir markaðs- og kynningarmál.
  - d) Rætt um Mýrarholt 3.
  - e) Bæjarstjóri minnti á íbúafundinn í kvöld kl. 20:30.
  - f) Bæjarstjóri ræddi um raforku til kaldra svæða.


AU  
Mfl. Reynis  
FJ





Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:01

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Olafardóttir, bæjarritari